

# Iceland Airwaves 2017

## – stutt samantekt

Iceland Airwaves tónlistarhátíðin hefur verið haldin í Reykjavík á hverju ári frá 1999. Komandi hátíð verður því sú tuttugasta í röðinni. Hátíðin hefur vaxið mikið á þessum tíma og stimplað sig inn sem ein af þekktustu og virtustu tónlistahátíðunum á sínu sviði í heiminum.

### Hátíðin starfar eftir þremur markmiðum:

- a) Halda tónlistahátíð á heimsmælikvarða
- b) Fjölga ferðamönnum utan háannatíma í Reykjavík
- c) Efla útflutning íslenskrar tónlistar

### Hátíðin 2017

Iceland Airwaves 2017 fór fram dagana 1. til 5. nóvember í Reykjavík og nú í fyrsta skipti á Akureyri samhliða. Fram komu 207 atriði á hátíðinni á samtals 260 tónleikum. Erlend atriði voru 47 og innlend 160. Ástæða þess að fjöldi tónleika er fleiri en atriða er að sum innlend atriði komu fram 2svar sinnum. Í Reykjavík fór hátíðin fram á eftirfarandi stöðum: Eldborg, Þjóðleikhúsinu, Gamla bíó, Hverfisbarnum, Listasafninu, Gauknum, Húrra, Hard Rock, Hressó, Iðnó, Fríkirkjunni, Bíó Paradís og Valshöllinni. Á Akureyri fór hátíðin fram 2. og 3. nóvember í Hofi, Græna hattinum og Pósthús barnum. Það er mat aðstandenda hátíðarinnar að Iceland Airwaves 2017 hafi tekist mjög vel. Breytingar á fyrirkomu féllu vel í kramið og gestir flestir mjög ánægðir.

Samkeppnin á þessum markaði hefur vaxið gríðarlega sl. 4 ár. Árið 2012 var Iceland Airwaves eina hátíðin á þessum markaði. Ári síðar bættust ATP og Sónar við og síðan Secret Solstice árið 2014. Í ár bættist við hátíðin Norður og Niður sem haldin verður í Hörpu í lok desember. Að auki átti að halda hátíðina Night and Day í júlí en henni var aflýst vegna dræmrar miðasölu. Á milli þessara hátíða eru síðan haldnir margir aðrir tónleikar og minni tónlistarhátíðir. Þessi veruleiki hefur kallað á breyttar áherslur í rekstri Iceland Airwaves sem er auðvitað áskorun en líka spennandi. Því skal þó haldið til haga Iceland Airwaves er rekin með öðrum hætti en áður nefndar hátíðir og samanburður því í rauninni ekki marktækur eða sanngjarn.

Vegna þessarar samkeppni og mikils kostnaðar, sem fylgdi því að leigja Hörpu og að bóka listamenn sem fylla þau rými sem Harpa hefur upp á að bjóða, var ákveðið að hverfa að mestu úr Hörpu. Hátíðin fór við þetta að ýmsu leyti aftur til upprunans en með því að taka inn nýja tónleikastaði eins og Þjóðleikhúsið auk lokatónleika í Valshöllinni var líka horft til framtíðar. Akureyri kom síðan sem viðbót og jók þannig við valkostina – sérstaklega fyrir erlenda gesti hátíðarinnar.

### Tölur

Helstu tölur vegna hátíðarinnar eru eftirfarandi: Samtals 8.500 gestir þar af 4.800 erlendir sem eyddu um 1,5 milljörðum á Íslandi á Iceland Airwaves. Með

margfaldaranum 1,8 er þessi tala um 2,7 milljarðar. Efnahagsleg áhrif hátíðarinnar á reykvískt og íslenskt hagkerfi eru því veruleg. Hér er aðeins tekin saman eyðsla erlendra gesta sem eru með armbönd á hátíðina. Ljóst er að eyðsla innlendra gesta auk þeirra sem sækja “off-venue” dagskrá hátíðarinnar er veruleg.

Uppselt var á hátíðina en um 7.500 gestir voru með armbönd á hátíðina í Reykjavík og 1.000 á Akureyri þegar allt er talið (boðsgestir meðtaldir).

Yfir 300 erlendir blaðamenn mættu á hátíðina og í kringum 200 aðilar sem eru fagfólk í tónlistargeiranum: útgáfufyrirtæki, umboðsskrifstofur, markaðsskrifstofur o.fl. Umfjöllun um hátíðina hefur birst í miðlum út um allan heim.

Hátíðin hélt utan um yfir 50 tónleika á svokallaðri utandagskrá (off-venue). Tónleikastaðir voru víða um borgina og voru þeir 42 talsins. Er talið að á milli 70-80 þúsund gestir hafi sótt þessa viðburði. Þessir viðburðir eru opnir öllum og eru t.d. haldnir á hjúkrunarheimilum, í skólum, á kaffihúsum, í bókabúðum, í búðargluggum og alls staðar þar á milli.

### **Önnur verkefni**

Iceland Airwaves vörumerkið er mjög þekkt og eftirsótt í tengslum við ráðstefnur í menningar- og tónlistargeiranum. Fulltrúar hátíðarinnar fara víða um heim til að kynna hátíðina og þá aðferðarfræði sem hún starfar eftir. Vegna þeirra sambanda, sem hátíðin hefur myndað í gegnum árin, aðstoðar hún íslenska listamenn við tengslamyndun bæði með beinum og óbeinum hætti. Í ár sóttu fulltrúar Iceland Airwaves heim eftirfarandi ráðstefnur og tónlistarhátíðar:

Janúar: Eurosonic í Hollandi  
Febrúar: Megaphono í Kanada (Ottawa)  
Mars: Tallinn Music Week í Eistlandi  
Apríl: Canadian Music Week í Kanada (Toronto)  
Maí: Roundtable í Hong Kong.  
Maí: The Great Escape í Englandi (Brighton)  
Ágúst: East European Music Conference Rúmenía (Sibiu)  
September: Break out West í Kanada (Edmonton)  
Nóvember: Sonic Visions í Lúxemborg  
Nóvember: Face the Music í Ástralíu (Melbourne)

Það skal tekið fram að hátíðarnar bjóða fulltrúum Iceland Airwaves að koma og greiða jafnan fyrir flug og gistingu. Iceland Airwaves hefur í gegnum árin nýtt þessar ferðir og haldið fjölmarga viðburði á erlendra grundu til þess að kynna hátíðina og íslenska tónlistarmenn í leiðinni.

### **Sérstaða Iceland Airwaves**

Iceland Airwaves er gott dæmi um hvað hægt er að gera þegar einkafyrirtæki, hið opinbera og listamenn taka höndum saman um verkefni sem byggir á sameiginlegum markmiðum. Eins og áður kom fram snúast þessi markmið um að fjölga ferðamönnum utan háannatíma, halda tónlistarhátíð á heimsælikvarða og efla

útflutning íslenskrar tónlistar. Þessi markmið gera hátíðina einstaka á Íslandi og mikilvægi hennar fyrir tónlistargeirann verður seint metið til fulls.

Hátíðin hefur verið leiðandi á heimsvísu við að bóka kvenhljómsveitir og kvenlistamenn. Mikið umræða hefur verið í geiranum út um allan heim um stöðu kvenna. Frá árinu 2010 hefur markvisst verið reynt að efla hlut kvenna í dagskrá hátíðarinnar og síðustu tvö ár hafa verið einkar góð hvað þetta varðar ekki aðeins á dagskrá heldur stærstu listamenn hátíðarinnar. Má þar nefna listamenn eins og: Björk, PJ Harvey, Warpaint, Fazerdaze, Santigold, Sigrid, Reykjavíkurdætur, The Internet, Mammút, Jennylee, Julia Holter, Sóley, JFDR, Samaris, Kate Tempest, Adia Victoria, Dolores Haze, RuGI, Anna Meredith, Ólöf Arnalds, Kælan Mikla, Hannah Lou Clark og margar fleiri. Árin á undan þá voru mörg af aðalatriðum hátíðarinnar konur nægir þar að nefna: Björk, Yoko Ono, Robyn, Beach House, Savages, Sinead O'Connor og Haim.

Hátíðin er aðili að Keychange verkefninu sem er evrópskt samstarfsverkefni sem hefur það að markmiði að efla hlut kvenna í tónlistargeiranum. Þar er ekki aðeins horft til tónlistarkvenna heldur einnig til kvenna sem starfa innan geirans t.d. umboðskonur, bókarar o.fl. Nánari upplýsingar má finna hér:

<http://prsfoundation.com/partnerships/international-partnerships/keychange/>

## **20. hátíðin 2018**

Iceland Airwaves 2018 verður haldin dagana 7. til 10. nóvember í Reykjavík og að auki tvo daga á Akureyri. Þar sem þetta er 20. hátíðin er stefnan að hún verði einkar vegleg. Sérstakir "afmælis" tónleikar verða þannig haldnir í Valshöllinni 10. nóvember 2018. En nánar um það síðar.

Meðfylgjandi er samantekt yfir fjölmiðlaumfjöllun erlendis vegna hátíðarinnar í ár. Þessi listi er langt í frá tæmandi.

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar,

Grímur Atlason